

Forfatter: Magnússon, Arní

Titel: BREV TIL: Einarsson, Ólafur FRA: Magnússon, Arní (1710-04-15)

Citation: Magnússon, Arní : "BREV TIL: Einarsson, Ólafur FRA: Magnússon, Arní (1710-04-15)", i *Arne Magnussons private brevveksling*, Gyldendalske Boghandel Nordisk, s. 137.
Onlineudgave fra Danmarks Breve: <https://tekster.kb.dk/text/letters-001991699-000-shoot-L0019916990000179.pdf> (tilgået 28. april 2024)

Anvendt udgave: Arne Magnussons private brevveksling

Ophavsret: Materialet er fri af ophavsret. Du kan kopiere, ændre, distribuere eller fremføre værket, også til kommercielle formål, uden at bede om tilladelse. Husk altid at kreditere ophavsmanden.

[Læs Public Domain-erklæringen](#)

ARNE MAGNUSSON TIL SYSSELMAND ÓLAFUR EINARSSON. Skalhollte þann. 15. Aprilis A0 1710.

Trykt efter kopi med skriverhånd i AM. 448, folio. A. M. imødegår O. E.s opfattelse ang. forskellige enkeltheder i det af ham aflagte regnskab over den Gottrupske rejsekontribution. Giver i anledning af et til O. E. udlånt eksemplar af Sturlunga saga sin dom over tiden.

Kongl. Majestatis valldzmann Monsr. Olafur Einarsson,

Mikelsvirdande góde vin,

Þann 11. aprilis næstlidna medtók eg ydar tilskrif dat. Loptsölum 28. januarii þessa árs, verd eg nu þar uppá i mesta fliter ad svara, sökum ferdahugar og adkalls skólapilta. Ahrærande það þier seiged, ad sa reikningur, sem eg ydur i haust sende med minu briefe, mune vera epter underriettingu almugans, þá er það ad sönnu so, um suma hveria, enn um nockra, og það marga, eru mier i höndum skrif þeirra, er þennann toll samanntóku 1702. Hvert þesse contribution hafe á nefndu áre 1702 med riettu edur óriettu samanntekinn vered, vil eg i þetta sinn ecke um fást, helldur alleinasta um það, ad hun var samanntekinn, og af almuganum utilátinn. Er eg og ugglaus um, ad þier, vitur madur, munud ecke hardlega disputera, ad hun óriettelega hafe samanntekinn vered, fyrst sialfur hana samanntókud, og tek eg það, sem um þetta efni skrifed, fyrer gaman, enn alvöru ecke. I minu briefe i haust gat eg um, ad það sem almuginn hefde utilátid 1702 frekara enn af lögmanningum Paale s. 138Jonssyne og mier sidann var nidurskordad, munde verda ad álitast so sem viliannleg utlát, og giet eg ennu ei þar frá viked, hellst þar ecke siá kann, hvernenn þeim sem of miked uteláted hafa, kunne þetta aptur ad gialldast, því marger af þeim munu sidann 1702 dauder vera, kannskie og mikell partur af ætt sumra, og ef þetta nu endelega skyllde so vera, ad þeim skyllde þetta aptur greidast, þá yrdu þar uppá, ad það skied være, kvitteringar edur þingsvitne ad takast og synest mier þetta yrde næsta ómaks samt bæde firir ydur, og þá, sem sidann ættu þetta i giegnum ad siá, því þott hverke eg nie adrer sem ydur þeckia, efest um, ad þetta munde riettelega tilgánga, þá er eg þó næsta hræddur um, ad herrunum i rcntu-cammerenu munde firir ockur hirdulauslegt þyckia þessu so ad sleppa, fyrst ockur skipad er þessa contribution ad jafna og medtaka. Og endelega, ef þetta nu skyllde almuganum aptur greidast, og það skied giæte, hver lietter være það ydur, ad betala helldur þeim enn ockur, því alltjafnt er peningur penings virde. Vel er það satt, ad óhægra er specie peninga ad fá enn landzvoru, enn þar á moti er þesse contribution ecke golddinn nema i kaupstadar voru, og eru kaupmenn skyllder þar firir til ad láta so vel peninga sem annad, og einginn þeirra mun því til leingdar neita, ef einardlega er umtalad, enn ad flitia þessa vöru i kaupstadinn ókeipis, þar til erud hverke þier nie adrer skyllduger, og vil eg þeim reikninge sannsynelega giegna, þá mier firir síóner kiemur. Sama er ad seigia um Biarna á Geirlande, Arna i Hollte, og Sniolf i Skal, það er riett sem þier þar um skrifed, og á sumt þar af ydur gott ad giörast, sumt þeim. Hier firir utann þar almuginn kynne lögmanningum og mier óriett tilsagt hafa um þeirra utlát, þá er því gott ad giegna, þegar það skiallega frammkiemur og bevisast, annad hvert med skrifte þe[i]rra sem samann tóku 1702 tiundareikningum(!) þess árs (þvi epter tiundar hæd var óefed (!) vidast teked) edur öðru jafn skiallegu. Og þar á heima lögmáls greinenn aptur skal ganga oftalt etc. Ecke hefe eg skrifad, ad til ydar voru innkomner 12 rdler. specie og 1 sldr. edur þeirra verd, helldur hafe eg ástunged, ad annad hvert munde þeir peningar betalast eiga, edur forklaring giörast, um það, hvad óriett være i reikningunum epter almugans tilsögn, og siáe þier vel sialfer, ad það mune endenn vera verda. Enn hvad misreikninge vidkiemur, kostnade ydar (ef vere kynne) edur öðru þvíliku, þar eru hluter, sem afkortast meiga og eiga, og það er allt það, sem eg þore hier i ad dispensera og ecke annad, því þetta eru ecke miner peningar helldur skattur tekenn af kongsins þegnum. s. 139Hverge er nærre því, ad so miked sie innkomed af þessare contribution, sem næge til ad betala med lögmanningum Gottrop og systlumönnum þeim, sem sina peninga utlagt hafa, því vidar eru restantzar enn i einum stad, og sumstadar allt i reiduleise, so eg villde helldur vinna ad stritverke einhveriu enn sysla um þvílikt vid suma hveria hier i lande. Enn hvad skulum vær seigia. það er skyllda vor ad giöra það oss er skipad, ad so miklum hluta sem vær gietum; það sem vær ecke yfer komustum, hlytur ógiört ad vera. Vík eg so hier frá til annars, ad því tillögdu ad eg bid ydur eitthvad med fyrsta fyrer ad greida hier um, so þetta mætti til enda komast á einhvern hátt á næstkomande alþinge, og mun hendtugra þar um til ad skrifa lögmanningum Paale Jonssyne, edur vid hann hier um munnlega sysla, ef sialfer þar verded, því eg er ecke viss um, ad þar kunne til stadar ad vera, sökum annarra erenda, sem mier á höndum liggia. Þad er mier kiært, ad ydur hefur orded gaman ad Sturlunga sögu, eg meina gaman i því ad drifa þar med tidena, því fæster góder menu eda skynsamer ydar lykar munu gaman henda ad hennar innehalde, sem broslaitum manne, sem góður være og elskare þiódar sinnar, ky[n]ne i þögn ad venda. Þegar hun af ydur utlesen er og til fulls brukud, munud þier giöra vel ad senda hana hingad á bygder aptur, mier ef nálægur være, annars frænda minum Orme Dadasyne, sem um minar bækur umsión hefur i minne fráveru. Fyrer vonina um hudar skinninn þacka eg vinsamlega, og bid eg ad senda þau til alþingis og leverast láta lögmanningum Paale, og taka hiá honum betalingenn. Annad man eg nu ei sem skrifast þurfe, enda því med hverskyns heilla óskum til ydar og ydvarra allra um tima og eylifd.

Ydur alltid þienustuviliugur
Arne Magnusson.